


Tónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Freyr Sigurjónsson
flautuleikari
og
Margarita Lorenzo de Reizabal
píanóleikari



Þriðjudaginn 24. júlí 1990 kl. 20:30

Freyr Sigurjónsson lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1978 og hélt þá utan til framhaldsnáms í Royal Northern College of Music í Manchester. Aðalkennari hans þar var Trevor Wye, en Freyr hefur einnig sótt tíma hjá flautuleikurunum R. Rostron, P. Morris, William Bennett, Aurel Nicolet og Robert Aitkin. Að loknu diplómprófi frá Royal Northern College of Music árið 1982 bauðst honum staða fyrsta flautuleikara í Sinfóníuhljómsveitinni í Bilbao á Spáni. Þar hefur hann starfað síðan og kennir auk þess við Conservatorio Superior de Musica de Vizcaya. Freyr hefur leikið einleik með Sinfóníuhljómsveitinni í Bilbao og leikur með blásarakvintett sveitarinnar.

Margarita Lorenzo de Reizabal er fædd í Bilbao. Hún hóf píanónám 5 ára að aldri og 15 ára gömul hlaut hún verðlaun í samkeppni sem Tónlistarskólinn í Bilbao stóð fyrir. Kennarar hennar þar voru meðal annars C. Ibarra, E. Jimenez og de Achucarro. Jafnhliða tónlistarnámi sínu stundaði Margarita nám í læknisfræði við háskólann í Pais Vasco, en síðustu árin hefur hún eingöngu helgað sig tónlistinni. Frá árinu 1985 hefur Margarita verið fastráðin við Sinfóníuhljómsveitina í Bilbao og hefur komið þar fram sem einleikari, auk þess sem hún kennir píanóleik við tvo virta tónlistarskóla í Baskahéruðum Spánar. Hún er eftirsóttur undirleikari og síðan 1986 hefur hún og Freyr, eiginmaður hennar, leikið saman víða um heima-land hennar og erlendis.

Efnisskrá

Carl Reinecke
(1824 - 1910)

Undine. Sónata opus 167
Allegro
Intermezzo. Allegretto vivace
Andante tranquillo
Finale. Allegro molto

Georges Enescu
(1881 - 1955)

Cantabile et Presto
Cantabile. Andante ma non troppo
Presto

Francis Poulenc
(1899 - 1963)

Sónata
Allegro moderato
Cantabile
Presto